



Dagsetning: 11.10.2019
Málsnúmer: 1902078/2.1.2

Breiðdalur
Áhaldahús, gámavöllur og Selnes 14

Til stendur að byggja upp móttökustöð fyrir sorp í Breiðdal.

Núverandi áhaldahús er í slæmu ástandi og þarf að kosta miklu til að gera það viðunandi.

Lagt til að núverandi áhaldahús verði selt, keypt verði húsnæði á lóðinni Selnesi 14 og núverandi gámavöllur verði aflagður, en áfram yrði þar móttaka á garðaúrgangi.

Áhaldahúsið í Breiðdal er í húsnæði að Selnesi 1 sem samanstendur af tveimur eignarhlutum og er annar eignarhlutinn í eigu Fjarðabyggðar. Eigandi hins eignarhlutans hefur lýst yfir vilja til að kaupa þann hluta er áhaldahúsið er í af Fjarðabyggð.

Að útbúa aðstöðu þar sem núverandi móttökusvæði fyrir úrgang er í dag, með sama hætti og er í öðrum byggðarkjörnum, þarfnast þó nokkurra framkvæmda. Öll veitukerfi vantar auk þess sem setja þarf upp girðingu og lagfæra töluvert bæði húsnæði og svæðið í kring.

Húsnæði á lóðinni við Selnes 14 og 14b verði keypt og öll þjónusta verði færð þangað og jafnframt verði komið þar upp móttökustöð fyrir úrgang.

Kostnaður við að kaupa og breyta eigninni að Selnesi 14 er u.þ.b. 15 milljónir.
Með kaupnum yrði áhaldahús og móttökustöð fyrir úrgang á sama stað.
Núverandi eignarhluti áhaldahúss gæti selst á 2 til 3 milljónir og er áætlaður kostnaður þannig áætlaður 12 – 13 milljónir.

Töluverður sparnaður mun nást þegar horft er til kostnaðar við að lagfæra núverandi svæði til sama horfs og er á öðrum sambærilegum svæðum í sveitarfélaginu. Jafnframt er mikill kostnaður fólgin í að lagfæra núverandi húsnæði áhaldahúss. Gróft metið er kostnaður við að útbúa móttökustöð fyrir úrgang á núverandi svæði um 17 milljónir og kostnaður við að lagfæra núverandi áhaldahús er ekki undir 15 milljónum. Ætla má að kostnaður yrði þannig ríflega 30 milljónir ef þessi leið yrði farin.

Marínó Stefánsson
sviðstjóri Framkvæmdasviðs